yngri en 3 ára frá heimilistækinu nema þau séu undir stöðugu eftirliti.

- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki með heimilistækið.
- Börn eiga ekki að hreinsa eða framkvæma notandaviðhald á heimilistækinu án eftirlits.
- Haltu öllum umbúðum frá börnum og fargaðu þeim á viðeigandi hátt.

## 1.2 Almenn öryggi

- Þetta heimilistæki er eingöngu fyrir geymslu á matvörum og drykkjum.
- Þetta heimilistæki er hannað til notkunar innanhúss á heimilum.
- Þetta heimilistæki má nota á skrifstofum, í herbergjum hótela, herbergjum gestahúsa, bændagistingum og öðrum sambærilegum gistirýmum þar sem notkun er ekki meiri en almenn heimilisnotkun.
- Til að forðast spillingu matvæla skal virða eftirfarandi leiðbeiningar:
  - Hafðu hurðina ekki opna um lengri tíma;
  - hreinsaðu reglubundið fleti sem geta komist í snertingu við matvæli og aðgengileg frárennsliskerfi;
  - geymdu hrátt kjöt og fisk í hentugum ílátum í kælikápnnum þannig að það komist ekki í snertingu við eða leki niður á önnur matvæli.
- VIÐVÖRUN: Haltu loftræstingaropum, í afgangi heimilistækisins eða í innbyggðu rými, lausu við hindranir.
- VIÐVÖRUN: Notaðu ekki vélrænan búnað eða aðrar aðferðir til að hraða afísunarferli, annan en þann sem framleiðandinn mælir með.
- VIÐVÖRUN: Skemmdu ekki kælimiðilsrásina.
- VIÐVÖRUN: Notaðu ekki rafmagnstæki inni í geymsluhólfum matvæla í heimilistækinu, nema þau séu af þeirri tegund sem framleiðandinn mælir með.
- Notaðu ekki vatnsúða og gufu til að hreinsa heimilistækið.

- Hreinsaðu heimilistækið með mjúkum rökum klút. Notaðu aðeins hlutlaus þvottaefni. Notaðu ekki neinar vörur með svarfefnum, stálull, leysiefni eða málmhluti.
- Þegar heimilistækið er tómt um lengri tíma skal slökkva á því, afísa, hreinsa, þurrka og skilja hurðina eftir opna til að koma í veg fyrir að mygla myndist inni í tækinu.
- Geymdu ekki sprengifim efni eins og úðabrúsa með eldfimu drifefni í þessu heimilistæki.
- Ef rafmagnssnúran er skemmd verður framleiðandi, viðurkennd þjónustumiðstöð, eða svipað hæfur aðili að endurnýja hana til að forðast hættu.

## 2. ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

### 2.1 Uppsetning

#### **AÐVÖRUN!**

Einungis til þess hæfur aðili má setja upp þetta heimilistæki.

- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Fylgdu aðskildum leiðbeiningum sem eru á vefsíðu okkar um uppsetningu heimilistækisins og þegar hurð er snúið við.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Gakktu úr skugga um að að loft geti flætt í kringum heimilistækið.
- Við fyrstu uppsetningu eða eftir að hurðinni hefur verið snúið við skaltu bíða í að minnsta kosti 4 klukkustundir áður en heimilistækið er tengt við rafmagn. Þetta er til að olían nái að flæða aftur í þjöppuna.
- Áður en þú framkvæmir einhverjar aðgerðir á heimilistækinu (t.d. snýrð við hurðinni) skaltu taka klóna úr rafmagnsinnstungunni.
- Ekki setja heimilistækið upp nálægt hitagjöfum (ofnum) eða eldavélum, bókunarofnum eða helluborðum, nema

annað sé tekið fram í leiðbeiningum um uppsetningu.

- Ekki hafa heimilistækið berskjaldað gagnvart rigningu.
- Ekki setja heimilistækið upp þar sem það verður fyrir beinu sólarljósi.
- Ekki setja þetta heimilistæki upp á svæðum þar sem er of mikill raki eða of kalt.
- Þegar þú færir til heimilistækið, skaltu lyfta brúninni að framan til að koma í veg fyrir að þú rispir gólfið.
- Verndaðu gólfið gegn rispum þegar hurð heimilistækisins er snúið við.

### 2.2 Rafmagnstenging

#### **AÐVÖRUN!**

Hætta á eldi og raflosti.

#### **AÐVÖRUN!**

Þegar heimilistækið er staðsett skaltu tryggja að rafmagnssnúran sé hvorki klemmd né skemmd.

#### **AÐVÖRUN!**

Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúrur.

### **VARÚÐ!**

Fagmenntaðir rafvirkjar eiga að sinna allri raflagnavinnu í tengslum við uppsetningu þessa heimilistækis.

- Gakktu úr skugga um að færibreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar aflgjafa.
- Heimilistækið verður að vera jarðtengt.
- Notaðu alltaf rétt uppsettar einangraðar innstungur.
- Ef innstungan á heimilinu er ekki jarðtengt, þarf að jarðtengja heimilistækið í aðskilda jörð til að uppfylla nügildandi reglugerðir. Hafið samband við fagmenntaðan rafvirkja.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsihlutir verði ekki fyrir skemmdum (t.d. rafmagnsklói, snúran, þjappan). Hafa skal samband við viðurkennda þjónustumiðstöð eða rafvirkja til að skipta um rafmagnsihluti.
- Rafmagnssnúran verður að liggja neðar en rafmagnsklói.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningarferlisins. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklói sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ekki aftengja tækið með því að toga í rafmagnssnúruna. Taktu alltaf í innstunguna sjálfa.
- Þetta heimilistæki er búið 13 A rafmagnskló. Ef nauðsynlegt er að skipta um öryggi í rafmagnsklónni skal nota 13 A ASTA (BS 1362) öryggi (aðeins Bretland og Írland).

## 2.3 Notkun

### **AÐVÖRUN!**

Hætta á meiðslum, bruna, raflosti eða eldsvoða.



Heimilistækið inniheldur eldfimt gas, ísóbútan (R600a), náttúrulegt gas, sem er mjög umhverfisvænt. Gættu þess að valda ekki skaða á kælrásinni sem inniheldur ísóbútan.

- Breytið ekki eiginleikum heimilistækisins.

- Þetta heimilistæki er ætlað til notkunar við stofuhita á bilinu frá 10°C til 43°C. Þetta tilgreinda hitastigssvið tryggir rétta virkni heimilistækisins.
- Ekki láta rafmagnstæki (s.s. ísgerðarvélar) í tækið nema það sé tekið fram af framleiðanda að þau þoli það.
- Ef rafrásir kælibúnaðarins skemmast skal gæta þess að það sé enginn logi eða kveikjugjafar í herberginu. Loftræstu herbergið.
- Ekki láta heita hluti snerta þá hluta heimilistækisins sem eru úr plasti.
- Ekki setja gosdrykki í frystihólfíð. Við það myndast þrýstingur innan í drykkjarlátinu.
- Ekki nota heimilistækið til að geyma eldfimar lofttegundir eða vökva.
- Setjið ekki eldfim efni eða hluti bleytta með eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.
- Ekki snerta þjökkpuna eða þéttinn. Þau eru heit.
- Ekki fjarlægja eða snerta hluti úr frystihólfinu ef hendur þínar eru rakar eða blautar.
- Ekki endurfrysta mat sem búið er að þíða.
- Fylgdu geymsluleiðbeiningunum á umbúðum frystra matvæla.
- Vefðu matnum inn áður en þú setur hann í frystihólfíð.
- Leyfið ekki matvælum að komast í snertingu við innri veggj heimilistækishólfanna.
- Ekki láta mjög sölt eða súr matvæli komast í snertingu við áhluta heimilistækisins (t.d. víftuhlífina).
- Snertu ekki málmskífurnar inni í ísvélinni þegar hún er í gangi.

## 2.4 Innri lýsing

### **AÐVÖRUN!**

Hætta á raflosti.

- Þessi vara inniheldur einn eða fleiri ljósgjafa í orkunýtniflokknum F.
- Varðandi ljós inni í þessari vöru og varaljós sem eru seld sér: Þessum ljósum er ætlað að þola ófgafullar aðstæður í heimilistækjum á borð við hitastig, titring, raka eða er ætlað að senda upplýsingar um notkunarástand tækisins. Þau eru ekki

ætluð til að nota í öðrum tækjum og henta ekki sem lýsing í herbergjum heimila.

## 2.5 Umhirda og hreinsun

### AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum eða skemmdum á heimilistækinu.

- Áður en viðhald fer fram skal slökkva á heimilistækinu og aftengja rafmagnsklóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Þetta heimilistæki inniheldur vetniskolefni í kælibúnaðinum. Einungis hæfur aðili má sinna viðhaldi og endurhleðslu þessa tækis.

## 2.6 Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið. Nota skal eingöngu upprunalega varahluti.
- Vinsamlegast athugaðu að ef þú eða einhver sem ekki er fagmaður gerir við getur það haft afleiðingar varðandi öryggi og gæti ógilt ábyrgðina.
- Eftirfarandi varahlutir eru fáanlegir í að minnsta kosti 7 ár eftir að framleiðsla gerðarinnar hefur verið hætt: hitastillar, hitaskynjarar, prentplötur, ljósgjafar, hurðahandföng, hurðalamir, bakkar og

grindur. Hurðapéttingar eru fáanlegar í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu gerðarinnar hefur verið hætt. Verið gæti að tímalengdin sé ekki lengur fáanleg í þínu landi. Farðu á vefsíðu okkar fyrir frekari upplýsingar.

- Vinsamlegast athugaðu að suma þessara varahluta geta aðeins atvinnuviðgerðaraðilar fengið og ekki eru allir varahlutir viðeigandi fyrir allar gerðir.

## 2.7 Förgun

### AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum eða köfnun.



- Aftengið heimilistækið frá rafmagnsgjafanum.
- Klippa rafmagnssnúruna af og fleygið henni.
- Fjarlægjið hurðina til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í tækinu.
- Kælirásin og einangrunarefnið á tækinu eru ósónvæn.
- Einangrunarfroðan inniheldur eldfimar lofttegundir. Hafði samband við sveitarfélagið til að fá upplýsingar um hvernig á að farga heimilistækinu á réttan hátt.
- Ekki valda skaða á hluta kælieiningarinnar sem er nálægt hitaskiptinum.

## 3. UPPSETNING

### AÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggismál.

### 3.1 Mál



#### Heildarmál <sup>1</sup>

hnappinn H1	mm	hnappinn 1770
hnappinn W1	mm	hnappinn 910
hnappinn D1	mm	hnappinn 730

<sup>1</sup> hæð, breidd og dýpt heimilistækisins án handfangs

#### Svæði sem þarf til notkunar <sup>2</sup>

hnappinn H2	mm	hnappinn 1820
hnappinn W2	mm	hnappinn 1010
hnappinn D2	mm	hnappinn 780

<sup>2</sup> hæð, breidd og dýpt heimilistækisins ásamt handfangi, auk rýmisins sem þarf til að tryggja rétt loftflæði fyrir kæli loft

#### Heildarsvæði sem þarf til notkunar <sup>3</sup>

hnappinn H2	mm	hnappinn 1820
-------------	----	---------------

#### Heildarsvæði sem þarf til notkunar <sup>3</sup>

hnappinn W3	mm	hnappinn 1540
hnappinn D3	mm	hnappinn 1230

<sup>3</sup> hæð, breidd og dýpt heimilistækisins ásamt handfangi, auk rýmisins sem þarf til að tryggja rétt loftflæði fyrir kæli loft, auk svæðisins sem nauðsynlegt er svo að hurðin geti opnast við lágmarkshorn sem nauðsynlegt er til að fjarlægja allan innri búnað

### 3.2 Staðsetning

Þetta heimilistæki er ekki ætlað til þess að vera innbyggjt.

Ef tækið er sett upp með öðrum hætti en frístandandi og með tilliti til notkunar svæðis, mun heimilistækið virka rétt en orkunotkun gæti aukist nokkuð.

Til að tryggja rétta virkni heimilistækisins skaltu ekki að setja það upp nálægt hitagjöfum (bakaraofnum, eldavelum, hitaofnum, hellum, háfum, helluborðum eða gufugleypum) eða á stað sem verður fyrir beinu sólarljósi. Gakktu úr skugga um að loftflæði sé gott aftan við skápinn.

Tækið á að setja upp á þurrum, vel loftræstum stað innandyra.

Til að tryggja bestu frammistöðu heimilistækisins, ef tækið er staðsett fyrir neðan útskagandi veggeiningu, er nauðsynlegt að viðhalda lágmarksfjarlægð við efsta hluta skápsins. Hins vegar ætti heimilistækið helst ekki að vera staðsett undir útskagandi veggeiningum. Einn eða fleiri stillanlegir fætur á undirstöðu skápsins tryggja að heimilistækið sé stöðugt.

#### **VARÚÐ!**

Ef þú staðsetur heimilistækið upp við vegg, skaltu nota meðfylgjandi millistykki fyrir bakið til að viðhalda þeirri lágmarksfjarlægð sem tilgreind er í uppsetningarleiðbeiningunum.

#### **VARÚÐ!**

Ef þú setur heimilistækið upp við vegg, skaltu skoða uppsetningarleiðbeiningarnar til að átta þig á nauðsynlegri lágmarksfjarlægð á milli veggisins og hliða tækisins, þar sem hurðahjarinnar eru hugsaðar til að veita hurðinni nægilegt pláss þegar verið er að fjarlægja innri einingar (t.d. við þrif).

Þetta tæki er ætlað til notkunar við umhverfishita á bilinu 10°C til 43°C.



Eingöngu er hægt að ábyrgjast rétta virkni heimilistækisins sé það notað á þessu hitabili.



Ef þú hefur einhverjar efasemdir varðandi uppsetningu heimilistækisins, skaltu vinsamlegast ráðfæra þig við seljanda, þjónustuverið okkar eða næstu viðurkenndu þjónustumiðstöð.



Það verður að vera hægt að taka heimilistækið úr sambandi við rafmagn. Innstungan verður því að vera aðgengileg eftir uppsetningu.

### 3.3 Rafmagnstenging

- Áður en stungið er í samband, þarf að ganga úr skugga um að sú spennna og tíðni sem sýnd eru á merkiplötunna samræmist heimilisrafmagninu.
- Heimilistækið verður að vera jarðtengt. Kló rafmangssnúrunnar er með snertu sem er ætluð til þess. Ef innstungan á heimilinu er ekki jarðtengt, þarf að jarðtengja heimilistækið í aðskilda jörð til að uppfylla nügildandi reglugerðir. Hafið samband við fagmenntaðan rafvirkja.
- Framleiðandi hafnar allri ábyrgð ef ofangreindum öryggisráðstöfunum er ekki fylgt.

### 3.4 Tenging við vatnsinntak

Þetta heimilistæki er með vatns- og klakaskammtara sem gerir kröfu um tengingu við vatnsinntak. Fyrir leiðbeiningar um tengingu við vatnsinntak vísast til aðskildra leiðbeininga fyrir uppsetningu.

#### **ÁDVÖRUN!**

Settu upp vatnssíuna sem fylgir heimilistækinu. Notkun á skammtaranum án vatnssíu gæti leitt til þess að vatn flæði inn í heimilistækið, þar sem slöngufestingar gætu losnað.

### 3.5 Viðsnúningur hurðar


Ekki er hægt að snúa hurðinni á þessu heimilistæki.

### 3.6 Hallajöfnun

Þegar heimilistækinu er komið fyrir skal tryggja að það standi lárétt. Þessu er hægt að ná með því að stilla fæturnar tvær neðan á tækinu að framan.


## 4. NOTKUN

### 4.1 Stjórnborð



- 1** Hitastillingahnappur
- 2** Skipt um mælieiningar
- 3** Skjár
- 4** Hnapur til að skipta milli hólfa
- 5** Lock-hnapur
- 6** Mode-hnapur
- 7** Hnapur/vísir fyrir mulinn klaka
- 8** Hnapur/vísir fyrir klakamola
- 9** Hnapur/vísir fyrir kælt vatn
- 10** Hnapur fyrir endurstillingu á vatnssíu
- 11** Hnapur fyrir SLÖKKT á klaka

### 4.2 Skjár



- A.** Vísir fyrir hitastig frystihólfs
- B.** Vísir fyrir frystihólf
- C.** Hitastigsvísir fyrir kæli/Multichill 0°
- D.** Vísir fyrir kælihölf
- E.** Vísir fyrir Multichill 0° hólfið
- F.** Lock vísir
- G.** QuickChill vísir
- H.** Holiday vísir
- I.** QuickFreeze vísir
- J.** Klana OFF vísir
- K.** Vatnssíuvísir



Skjárinn dimmist sjálfkrafa eftir 2 án notkunar.  
Ef ýtt er á hnappa stjórnborðsins eða hurðin er opnuð, lýsist skjárinn aftur upp. Vísarnir fyrir mulinn klaka, klakamola og kælt vatn dofna ekki þegar þeir eru virkir.

### 4.3 Kveikt og slökkt

Til að tengja heimilistækið skaltu setja rafmagnsklóna í innstunguna.

Til að aftengja heimilistækið frá rafmagni skaltu taka rafmagnsklóna úr innstungunni.

## VARÚÐ!

Þegar er rafmagnslaust skaltu fjarlægja klaka úr klakahólfinu til að koma í veg fyrir vatnsleka. Áður en þú kveikir aftur á heimilistækinu skaltu hreinsa hólfíð vandlega. Sjá „Klakavélin hreinsuð“ hlutann í „Umhirða og hreinsun“ kaflanum.

## 4.4 Demo hamur

Virkjaðu Demo haminn til að sýna eiginleika heimilistækisins.

Þú getur virkjað Demo haminn innan 1 mínútna frá því að hafa kveikt á heimilistækinu. Þegar önnur hvor hurðin er opin skaltu samtímis ýta á og halda inni hnöppunum til að skipta milli hólfa og fyrir hitajöfnun í 5 sekúndur. Heimilistækið staðfestir stillinguna með löngu hljóði.

Til að afvirkja Demo haminn skaltu slökkva og kveikja á heimilistækinu.

Í Demo haminum:

- Klakavél, vatnsskammtari, þjöppur, hitarar og víftur eru óvirkar.
- Stjórnborðið og skjárin er virkur og er hægt að nota hann.
- Ljós eru kveikt.

## 4.5 Hitastilling

Ýttu á hnappinn til að skipta milli hólfa til að velja hólf. Ýttu ítrekað á hitajöfnunarhnappinn þar til þú nærð æskilegu hitastigi.


Hitasviðið getur verið breytilegt á bilinu:

- 2°C og 8°C fyrir kælinn (ráðlagt +4°C)
- -14°C og -22°C fyrir frystinn (ráðlagt -18°C)
- 5°C og -3°C fyrir Multichill 0° hólfíð

Hitastigsvísar sýna hitastigið sem búið var að stilla.

Hitastillingin næst innan 24 klukkustunda. Hann helst eftir að rafmagn slær út.

## 4.6 Multichill 0°

Tækið er búið Multichill 0°hólfum merktum með  / 0 Star sem má nota annaðhvort sem kæli- eða kælisþáphólf.

Til að stilla hitastigið milli 5°C og -3°C skaltu ýta ítrekað á hnappinn til að skipta milli hólfa til að velja Multichill 0° hólfíð. Ýttu á hitajöfnunarhnappinn þar til þú nærð æskilegu hitastigi. Vísirinn fyrir hitastig blikkar í 5 sekúndur eftir að búið er að velja.

Til að slökkva á Multichill 0° hólfinu skaltu ýta ítrekað á hnappinn til að skipta til að velja milli hólfa til að velja Multichill 0° hólfíð. Ýttu á hitajöfnunarhnappinn þar til þú nærð „-“. Vísirinn fyrir hitastig blikkar í 5 sekúndur eftir að búið er að velja. Þetta gefur til kynna að Multichill 0° er hætt að kæla.



Eftir að hafa slökkt á því, mun Multichill 0° hólfíð ná umhverfishita.

## 4.7 Breyting á hitaæiningum

Til að skipta á milli hitakvarðanna C° og F° skaltu ýta á og halda inni hnappnum til að skipta um gildi í 3 sekúndur.

## 4.8 Barnalæsing

Lock aðgerðin læsir hnöppunum gegn óviljandi notkun. Ýttu á og haltu inni Lock hnappinum í 3 sekúndur til að læsa eða aflæsa stjórnborðinu. Vísirinn Lock logar.



Lock aðgerðin afvirkjar klaka- og vatnsvélinu.

## 4.9 QuickFreeze aðgerð

QuickFreeze aðgerðin er notuð til að forfrysta og hraðfrysta í þeirri röð í frystihólfinu. Hún hraðar frystingu ferskra matvæla og ver um leið matvæli sem þegar eru geymd gegn óæskilegri hitnun.



Til að frysta fersk matvæli skal virkja QuickFreeze aðgerðina minnst 24 klukkustundum áður en maturinn sem á að forfrysta er settur í frystihólfíð.

Til að virkja þessa aðgerð skaltu ýta á Mode takkann ítrekað þar til þú ert á QuickFreeze stillingunni. Vísirinn QuickFreeze blikkar í 5 sekúndur og logar eftir valið.

Þegar aðgerðin er virk:

- Innstillt hitastig frystihólfins er  $-25^{\circ}\text{C}$ .
- Hitastigið í kælihölfinu og Multichill  $0^{\circ}$  hölfinu er hægt að stilla með viðeigandi tökkum.

Þessi aðgerð stöðvast sjálfkrafa eftir 50 klukkustundir.

Til að afvirkja QuickFreeze aðgerðina áður en það gerist sjálfkrafa skaltu ýta á Mode takkann og velja annan ham.

#### 4.10 QuickChill

Notaðu QuickChill aðgerðina til að kæla mat hraðar og halda honum ferskum lengur. Ýttu og haltu Mode hnappinum inni þangað til QuickChill kviknar á gaumljósinu. Stilltu hitastigið á  $2^{\circ}\text{C}$ .

Til að slökkva á aðgerðinni skaltu ýta á Mode hnappinn. Aðgerðin slekkur sjálfkrafa á sér eftir 2,5 klukkustundir og endurheimtir fyrir hitastillingu.

#### 4.11 Holiday hamur

Holiday hamurinn er ætlaður fyrir löng tímabil fjarveru frá heimilinu. Hitastigið í kælihölfinu eru stillt á  $17^{\circ}\text{C}$  til að spara orku og koma í veg fyrir óþef. Ekki er hægt að breyta hitastiginu þegar hamurinn er virkur.

Til að virkja Holiday haminn skaltu ýta ítrekað á Mode hnappinn. Holiday vísirinn byrjar að blikka í 5 sekúndur og lýsist upp.

Til að afvirkja Holiday haminn skaltu ýta endurtekið á Mode hnappinn þangað til Holiday vísirinn slokknar.

#### 4.12 Vatnssían endurstillt

Þegar þú hefur skipt um vatnssíuna skaltu ýta á og halda inni hnappinum til að endurstilla vatnssíuna í 3 sekúndur þar til vísirinn fyrir vatnssíuna slokknar. Sjá „Skipt um vatnssíuna“ hlutann í „Umhirda og hreinsun“ kaflanum.

#### 4.13 Skiptu um vatnssíuna

Skiptu um vatnssíuna þegar vísirinn fyrir vatnssíu lýsir.

Til að skipta um vatnssíuna, sjá „Skipt um vatnssíuna“ hlutann í „Umhirda og hreinsun“ kaflanum.

Þegar þú hefur skipt um vatnssíuna skaltu nota endurstillingarhnappinn fyrir vatnssíu til að endurstilla og afvirkja blikkandi vísinn. Sjá „Vatnssían endurstillt“ hlutann.



Vísirinn fyrir vatnssíuna blikkar á 6 mánaða fresti.

#### 4.14 Klakaframleiðsla virkjuð

Ýttu á SLÖKKVA hnappinn fyrir klakann til að kveikja eða slökkva á klakaframleiðslu. Þegar slökkt er á klakaframleiðslu lýsist vísirinn fyrir SLÖKKT á klaka á skjánum.

#### 4.15 Klakamolar

Áður en þú lætur klaka koma úr skammtaranum skaltu gæta þess að klakaframleiðsla sé virkjuð. Sjá „Klakaframleiðsla virkjuð“ hlutann í „Notkun“ kaflanum.

Til að fá klakamola:

1. Ýttu á hnappinn fyrir klakamola. Vísirinn fyrir klakamola lýsir.
2. Settu glas eins nálægt skammtaranum og hægt er og ýttu því að spaðanum í miðjunni til að fá klakaskammt.

Bíddu í 2 sekúndur áður en þú fjarlægir glasið til að forðast að klaki detti úr glasinu.

3. Hættu að ýta á spaðann til að stöðva klakaflæðið.

#### 4.16 Mulinn klaki

Áður en þú lætur klaka koma úr skammtaranum skaltu gæta þess að klakaframleiðsla sé virkjuð. Sjá „Klakaframleiðsla virkjuð“ hlutann í „Notkun“ kaflanum.

Til að fá mulinn klaka:

1. Ýttu á hnappinn fyrir mulinn klaka. Vísirinn fyrir mulinn klaka lýsir.
2. Settu glasið eins nálægt skammtaranum og hægt er og ýttu því að spaðanum í miðjunni til að fá klakaskammt.

Bíddu í 2 sekúndur áður en þú fjarlægir glasið til að forðast að klaki detti úr glasinu.

3. Hættu að ýta á spaðann til að stöðva klakaflæðið.

## 4.17 Kælt vatn

Til að fá kælt vatn:

1. Ýttu á hnappinn fyrir kælt vatn. Vísirinn fyrir kælt vatn lýsir.
2. Notaðu glas til að ýta á spaðann í miðjunni til að fá vatn.  
Bíddu í 2 sekúndur áður en þú tekur glasið frá til að forðast að vatn sullist.
3. Hættu að ýta á spaðann til að stöðva vatnsflæðið.



Ef þú lætur meira en 800ml vatn renna í eitt skipti gæti volgara vatn farið að renna út. Bíddu í 30 mínútur eftir því að vatnið kólni.



Þegar þú lætur vatn renna úr vélinni í fyrsta skipti, eða eftir langan tíma án notkunar, skaltu ekki nota fyrstu 1-2 lítrana af vatninu.

## 4.18 Aðvörðun fyrir opna hurð

Ef hurðin er skilin eftir opin í meira en 60 sekúndur mun viðvörðun hljóma 5 sinnum á 30 sekúndna fresti. Aðvörðunin stöðvast eftir að hurðinni er lokað.

Ef hurðin er skilin eftir opin í meira en 10 mínútur, mun slokkna á ljósinu inni í kælinum.

Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.

## 4.19 Aðvörðun um háan hita



Viðvörðun virkjust þegar þú setur heimilistækið í samband í fyrsta skipti.

## Frystihólf

Viðvörðun virkjust þegar hitastig heimilistækisins er of hátt.

Á meðan viðvörðun er í gangi:

- skjárin sýnir blikkandi ht,
- viðvörðunarávísirinn leiftrar,
- viðvörðunarljóðmerki pípir.

### Slökkt á viðvörðuninni

- Ýttu á hvaða hnapp sem er á stjórnborðinu til að slökkva á viðvörðuninni. Hámarkshitastigið sem næst í hólfinu birtist á skjánum og er síðan skipt út fyrir stillta hitastigið. Viðvörðunarávísirinn blikkar þangað til fyrra hitastigi hefur verið náð.
- Viðvörðunarpípið slokknar sjálfkrafa eftir eina klukkustund. Viðvörðunarávísir blikkar og villukóði er á skjánum.
- Ef heimilistækið er komið aftur á innstillt hitastig slokknar á viðvörðuninni og skjárin verður venjulegur á ný. Athugaðu hvort matvælin að innan hafi nokkuð skemmt eða þiðnað. Ef svo er skaltu fara í kaflann „Þíðing“.



Sjá „Hitastilling“ kaflann til að stilla hitastig hvers hólfis fyrir sig.

## 5. DAGLEG NOTKUN




### AÐVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

### 5.1 Að fjarlægja og setja upp hurðarhillur

Til að fjarlægja hilluskúffuna:

1. Haltu í vinstri hlið hillunnar.
2. Lyftu hægri hlið hillunnar þangað til hún losnar frá festingunum.



3. Lyftu vinstri hlið hillunnar og fjarlægðu hana.

Til að setja hilluna aftur í:

1. Leggðu hilluna flata á gólfíð.
2. Yttu hliðunum tveimur niður samtímis svo að hillan passi í báðar festingar.

## 5.2 Færanlegar hillur

Hliðar heimilistækisins eru búnar röðum af hillustöðum svo auðvelt sé að fjarlægja hillurnar.

## 5.3 Fresh Zone


Fresh Zone skúffan verndar næringarefni, bragð, áferð, lit og þyngd ávaxta og grænmetis svo þú getir notið matarins lengur og hent minna Fresh Zone er staðsett í neðsta hluta kælisins, beint fyrir ofan MultiChill 0° skúffuna.

## 5.4 Rakastýring

Glerhillan innifelur búnað með ristum, stillanlegar með rennihandfangi sem gerir mögulegt að stýra rakanum í grænmetisskúffunni.



Ekki setja neinar matvörur á rakastýringarbúnaðinn.




Staðan á rakastýringu veltur á tegundum og magni ávaxta og grænmetis:

- Ristar á MIN: mælt með fyrir lítið magn ávaxta og grænmetis. Með þessari stillingu er náttúrulegu rakastigi ávaxta og grænmetis viðhaldið lengur.
- Ristar á MAX: mælt með fyrir mikið magn ávaxta og grænmetis. Með þessari stillingu leiðir meira loftflæði til lægra rakastigs.

## 5.5 Skúffurnar fjarlægðar og settar í

Til að fjarlægja skúffu úr hólfinu:

1. Opnaðu hurðina alla leið.
2. Dragðu skúffuna út þangað til hún stöðvast.
3. Lyftu framhluta skúffunar lítilla og losa hana úr heimilistækinu.



Til að setja skúffuna aftur í sína upphaflegu stöðu skaltu fylgja ofangreindum skrefum í öflugri röð.

## 5.6 MULTIFLOW

Heimilistækið er með MULTIFLOW búnað sem gerir hraða og skilvirka kælingu matvæla mögulega og viðheldur jafnarna hitastigi í sérhverjum hluta heimilistækisins.



Lokaðu ekki fyrir loftunargöt.

## 5.7 Frysta fersk matvæli

Frystihólfíð hentar til þess að frysta fersk matvæli og geyma frosin og djúpfrosin matvæli til lengri tíma.

Til að frysta fersk matvæli skal virkja QuickFreeze aðgerðina minnst 24 klukkustundum áður en maturinn sem á að frysta er settur í frystihólfíð.

Hámarks magn matvæla sem hægt er að frysta á sólarhring án þess að bæta við öðrum ferskum matvælum er tilgreint á merkiplötunni (merkingu sem staðsett er inni í heimilistækinu).

Að frystiferlinu loknu fer heimilistækið aftur í fyrri hitastillingu. Sjá „QuickFreeze aðgerðin“.

## 5.8 Geymsla á frosnum matvælum

Þegar heimilistækið er virkjað í fyrsta sinn eða eftir notkunarhlé skal láta það ganga í minnst 3 klukkustundir áður en vörurnar eru settar í hólfíð með kveikt á QuickFreeze aðgerðinni.

Geymdu matvælin á hillunum ekki nær hurðinni en 15 mm.

### VARÚÐ!

Ef þiðnun verður fyrir slysi, til dæmis af því að rafmagnið fer af, og rafmagnsleysið hefur varað lengur en gildið sem sýnt er á merkiplötunni undir „hækkunartími“, þarf að neyta þídda matarins fljótt eða elda hann strax, kæla og frysta hann svo aftur. Sjá „Aðvörun um háan hita“.

## 5.9 Þíðing

Djúpfrosin matvæli eða frosin matvæli er hægt að affýða í kælihölfinu eða við stofuhita fyrir notkun, eftir því hversu mikill tími gefst fyrir þessa aðgerð.

Litla bita má jafnvel elda þó þeir séu enn frosin, beint úr frystinum: í slíku tilfalli tekur eldun lengri tíma.

## 5.10 Vatnskerfið undirbúið

Áður en þú notar vatns-/klakaskammtarann í fyrsta skipti, eða eftir langan tíma án notkunar, skaltu undirbúa vatnskerfið:

1. Haltu á stóru glasi og ýttu því að spaðaskammtaranum þar til vatn byrjar að flæða.
2. Haltu áfram að láta vatn flæða næstu 5 mínúturnar til að skola kerfið og losa um hvers kyns óhreinindi. Gerðu hlé til að tæma glasið ef þörf er á.
3. Vatnsskammtarinn stöðvar vatnsflæðið eftir 3 mínútur af stöðugri notkun. Slepptu spaðaskammtaranum og ýttu aftur á hann til að halda áfram að láta vatnið flæða.



Þegar þú hefur látið 800 ml af vatni flæða, gæti vatnið verið volgara. Bíddu í 30 mínútur eftir að vatnið kólni.

## 5.11 Klakavél

Fyrir fyrstu notkun skaltu gæta þess að vatnsinntakið sé tengt. Til að virkja klakavélina vísast til „Klakaframleiðsla virkjuð“ hlutann í „Notkun“ kaflanum. Klakavélin byrjar að búa til klaka eftir um 10 klukkustundir.

Klakavélin býr sjálfkrafa til klaka án handvirktrar stýringar. Þegar klakahólfíð er fullt (um 1.6 kg), hættir klakavélin að búa til klaka.



Þegar klakavélin er notuð í fyrsta skipti eftir langan tíma án notkunar skaltu ekki nota fyrsta skammtinn af framleiddum klökum.



Ekki toga of fast í spaðann.

### AÐVÖRUN!

Ekki setja hendurnar eða áhöld inn í klakaskammtarann til að forðast meiðsli og bilun í innri búnaðinum.

Slökktu á klakavélinni ef þú hyggst ekki nota klaka í langan tíma. Sjá „Klakaframleiðsla virkjuð“ hlutann í „Notkun“ kaflanum.

Fjarlægðu klakana úr klakahólfinu til að forðast klakaklumpa sem loka fyrir úttakið.

## 5.12 Vatnssía

Heimilistækið er búið vatnssíu sem er staðsett í kælihölfina á milli skúffanna. Þessi

sía hreinsar vatnið frá vatnsinntakinu sem færir þér hreint vatn og klaka beint úr skammtaranum.

Skiptu reglulega um síuna til að tryggja gæði vatnsins. Sjá „Skipt um vatnssíuna“ hlutann í „Umhirða og hreinsun“ kaflanum.

## 6. UMHIRÐA OG HREINSUN

### ⚠ **AÐVÖRUN!**

Sjá kafla um Öryggismál.

### 6.1 Innra byrði hreinsað

Áður en heimilistækið er notað í fyrsta sinn skal þvo innra byrðið og alla innri fylgihluti með volgu vatni og hlutlausri sápu til að losna við dæmigerða lykt af nýrri vöru og þurrka síðan allt vandlega.

### ⚠ **VARÚÐ!**

Ekki nota þvottaefni, slípiduft, klór eða olíublönduð hreinsiefni, þar sem það skemmir áferðina.

### ⚠ **VARÚÐ!**

Aukahlutir og hlutar heimilistækisins eru ekki ætlaðir fyrir uppþvottavélar.

### ⚠ **VARÚÐ!**

Hreinsaðu stjórnborðið með rökum klút. Ekki nota neitt þvottaefni. Eftir að hreinsun er lokið skaltu þurrka stjórnborðið með mjúkum klút.

### 6.2 Reglubundin hreinsun

Hreinsaðu búnaðinn reglulega:

1. Hreinsaðu innra byrðið og fylgihluti með volgu vatni og hlutlausri sápu.
2. Skoðaðu hurðarþéttingar reglulega og strjúktu af þeim svo þær séu hreinar og lausar við óhreinindi.
3. Hreinsaðu þéttinn með bursta að minnsta kosti tvisvar á ári.
4. Hreinsaðu uppgrufunarbúnaðinn reglulega til að fjarlægja uppsafnað vatn.
5. Skolaðu og þurrkaðu vandlega.

### 6.3 Klakavélin hreinsuð


Hreinsaðu klakavélinu og klakahólfið reglulega.

### ⚠ **VARÚÐ!**

Klakahólfið inniheldur blöð. Farðu varlega þegar þau eru hreinsuð.

Til að hreinsa klakavélinu:

1. Afvirkjaðu klakaframleiðslu. Sjá kaflann „Notkun“.
2. Lyftu klakahólfinu upp um það bil 10 mm og togaðu í það til að fjarlægja það úr heimilistækinu.



3. Bíddu eftir því að klakastykkin í hólfinu bráðni. Tæmdu klakahólfið.
4. Notaðu prik úr plasti eða viði til þess að fjarlægja varlega klaka sem eftir verður.
5. Hreinsaðu klakahólfið með volgu vatni og þurrkaðu af því með mjúkum klút.
6. Þurrkaðu klakahólfið vandlega og settu það á sinn stað.
7. Hreinsaðu klakaútrengislopið með mjúkum klút.

### **VARÚÐ!**

Ekki nota mikið afl þar sem það gæti valdið skemmdum á innri vélbúnaði klakavélarinnar.

### **VARÚÐ!**

Ekki nota hörð eða gróf hreinsihöld eða nein beitt áhöld til að fjarlægja klakann. Ekki þvo klakahólfid í uppþvottavél.



Rafmagnsleysi, óregluleg notkun klakavélarinnar eða ítrekuð opnun á hurð frystisins gæti leitt til þess að klakastykki loki fyrir losun úr skammtaravélinni.

## 6.4 Hreinsun á klaka-/vatnsskammtarinn

### **VARÚÐ!**


Ekki nota þvottaefni, slípiduft, klór eða olíublönduð hreinsiefni, þar sem þau skemma áferðina.

### **VARÚÐ!**

Ekki sprauta hreinsiefni beint á skjáinn.

Hreinsaðu skammtarann reglulega:

1. Aftengdu tækið frá aðalæðinni.
2. Hreinsaðu klaka-/vatnsskammtarann með mjúkkum klút og volgu vatni.
3. Fjarlægðu vatnsgeyminn af vélinni.
4. Tæmdu bakkann og þurrkaðu af honum.



## 6.5 Skipt um vatnssiuna


Skiptu um vatnssíu á 6 mánaðafresti eða eftir langt tímabil án notkunar. Notaðu eingöngu vatnssíur frá framleiðandanum til að tryggja rétta virkni heimilisækisins.




Áður en þú framkvæmir eitthvað skaltu slökkva á klakavélinni. Sjá „Klakaframleiðsla virkjuð“ hlutann í „Notkun“ kaflanum.

### Að fjarlægja vatnssiuna

1. Skrúfaðu fyrir vatnsinntakið.
2. Opnaðu hurðina á kælihölfinu og fjarlægðu skúffunar til að komast að vatnssiunni.
3. Tæmdu vatnskerfið með því að nota vatnsvélina í um það bil 3 mínútur eða þar til það hættir að flæða.
4. Fjarlægðu festingar af vatnsslöngunni og tengingum við vatnssiuna.




5. Losaðu vatnsslönguna frá báðum hliðum vantssiunnar. Þrýstu ytri hluta á tengingum við vatnssiuna með þumlinum á sama tíma og þú togar slönguna út úr tengingunni.
6. Losaðu tengingar við vatnssiuna frá henni.




Taktu íhlutina sem losaðir voru og hafðu á einum stað.

## Setja upp vatnssíu

1. Taktu vatnssíuna úr umbúðunum og fjarlægðu lok og festingar á báðum hliðum.





2. Tengdu vatnssíuna við vatnsinntakið með tengisíöngunni. Skolaðu í 5 mínútur.



3. Opnaðu hurðina á kæliholfinu og fjarlægðu efri skúffuna til að komast að vatnssíunni.

4. Tengdu vatnsslöngurnar við tengingar á vatnssíunni. Ýttu hverri vatnsslöngu í viðeigandi tengil þangað til hún kemst ekki lengra. Gættu þessa að örvar á vatnssíunni snúi að frystihólfinu.
5. Settu tengingar á báðar hliðar vatnssíunnar.
6. Festu tengingar og vatnsslöngur með festingum.



7. Settu vatnssíuna í hólfið fyrir ofan vatnshólfið.
8. Opnaðu fyrir vatnsinntakið.

## 6.6 Tímabil án notkunar

Þegar heimilistækið er ekki í notkun til lengri tíma, skal grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1. Aftengdu heimilistækið frá rafmagni og skrúfaðu fyrir vatnsinntakið.
2. Fjarlægðu allan mat og klaka úr klakaboxinu.
3. Hreinsa heimilistækið og alla aukahluti þess.
4. Hafa hurðirnar opnar til að koma í veg fyrir að vond lykt myndist.

## 7. ÁBENDINGAR OG GÓÐ RÁÐ

### 7.1 Ábendingar um orkusparnað

- Kælir: Skilvirkasta notkun orku er tryggð í þeirri uppsetningu að skúffum í neðri hluta heimilistækisins og hillum sé jafnt dreift.

Staðsetning kassa í hurð hefur ekki áhrif á orkunotkun.

- Ekki opna hurðina oft eða hafa hana opna lengur en nauðsyn krefur.

- Kælir: Ekki still á of háan hita til að spara orku nema eiginleikar matarins krefjist þess.
- Tryggðu gott loftflæði. Ekki hylja loftræstiristarnar eða götin.
- Gakktu úr skugga um að matvaran inn í heimilistækinu komi ekki í veg fyrir að loft geti flætt út um þar til gerð göt aftan á innanverðu heimilistækinu.

## 7.2 Ábendingar um frystingu

- Virkjaðu QuickFreeze aðgerðina að minnsta kosti 24 klukkustundum áður en matvælin eru látin í frystihólfíð.
- Áður en ferskur matur er frystur skal setja hann í álpappír, plastfilmu eða poka, loftþétt ílát með loki.
- Til að fá skilvirkari frystingu og þíðingu ætti að skipta matvælunum í minni skammta.
- Mælt er með því að láta merkingar og dagsetningar á öll frosin matvæli. Það mun hjálpa þér að þekkja matvælin og vita hvenær þarf að nota þau áður en þau fara að spillast.
- Maturinn á að vera ferskur þegar hann er frystur til að varðveita gæðin. Sérstaklega ætti að frysta ávexti og grænmeti eftir uppskeru til að varðveita öll næringarefni þeirra.
- Ekki frysta dósir eða flöskur með vökva, sérstaklega kolsýrða drykki - þær geta sprungið þegar þær eru frystar.
- Ekki láta heitan mat í frystihólfíð. Kældu niður að stofuhita áður en hann er látinn inn í hólfíð.
- Til að forðast hækkun hitastigs fyrir matvæli sem þegar voru frosin skal ekki setja fersk, ófrosin matvæli beint við hlið þeirra. Láttu matvæli við stofuhita í þann hluta frystihólfsins þar sem eru engin frosin matvæli.
- Ekki borða ísmola, vatnsis eða íspinna strax eftir að þeir hafa verið teknir úr frysti. Hætta er á kali.
- Ekki endurfrysta þíðin matvæli. Ef matvælin eru þíðin skaltu elda þau, kæla og frysta.

## 7.3 Ábendingar um geymslu á frosnum mat

- Frystihólfíð er það sem er merkt með



- Sé hærrí hiti stilltur fyrir heimilistækið getur það leitt til styttri endingartíma fyrir vörurnar.
- Allt frystihólfíð hentar fyrir geymslu á frosnum vörum.
- Skildu eftir nægilegt pláss í kringum matvælin til að loft nái að flæða vel um þau.
- Fyrir fullnægjandi geymsluskilyrði, skal skoða fyrningardagsetninguna á matarumbúðum.
- Það er mikilvægt að pakka matvælunum þannig að vatn, raki og vatnsgufa komist ekki að þeim.

## 7.4 Endingartími

Tækjahólf	Tegund matvæla
-----------	----------------

### Kælir:

Hurðarhillur	Matvæli í krukum og dósnum eins og sultur, drykkir og sósur
Efsta hilla	Tilbúinn matur, snyttur, afgangar
Miðhillur	Mjólkurvörur, egg
Rakastilltar skúffur	Ávextir, jurtir, grænmeti

### Frystir:

Efsti hluti	Ávextir, ís, bakkelsi
Miðhluti	Grænmeti
Neðsti hluti	Mjólkurvörur, sjávarfang, kjöt, afgangar

Tegund matvæla	Endingartími (mánuðir)
----------------	------------------------

Ávextir (fyrir utan sítrusávexti)	6 - 12
Grænmeti	8 - 10
Afgangar án kjöts	1 - 2

### Mjólkurvörur:

Smjör	6 - 9
-------	-------


Tegund matvæla	Endingartími (mánuðir)
Mjúkur ostur (t.d. mozzarella)	3 - 4
Harður ostur (t.d. parmesan, cheddar)	6
<b>Sjávarfang:</b>	
Feitur fiskur (t.d. lax, makrill)	2 - 3
Magur fiskur (t.d. þorskur, flundra)	4 - 6
Rækjur	12
Skelfiskur og kræklingur án skelja	3 - 4
Eldaður fiskur	1 - 2
<b>Kjöt:</b>	
Alifuglakjöt	9 - 12
Nautakjöt	6 - 12
Svínakjöt	4 - 6
Lambakjöt	6 - 9
Pylsur	1 - 2
Skinka	1 - 2
Afgangar með kjöti	2 - 3

## 7.5 Ábendingar um kælingu á ferskum matvælum

- Stilltu hitastigið á +4°C eða minna til að halda matnum ferskum. Sé hærrí hiti stilltur fyrir heimilistækið getur það leitt til styttri endingartíma fyrir matvælin.
- Láttu umbúðir yfir matvælin til að varðveita ferskleika þeirra og bragð.
- Notaðu alltaf lokuð ílát fyrir vökva og fyrir mat, til að forðast að lykt eða bragð safnist í hólfíð.

- Til að forðast víxlmengun á milli eldaðrar og óeldaðrar matvöru, skal þekja eldaða matvöru og halda henni aðskildri frá hrárrí matvöru.
- Mælst er til þess að matvörur séu þíddar inn í kælinum.
- Ekki stinga heitri matvöru inn í heimilistækið. Gakktu úr skugga um að matvaran hafi náð að kólna að stofuhita áður en gengið er frá henni.
- Þurrkaðu ávextina og grænmetið áður en þú setur það í kælihólfíð.
- Til að koma í veg fyrir matarsóun skal alltaf setja ný matvæli fyrir aftan þau eldri.

## 7.6 Ábendingar um góða kælingu

- Ferskvörühólfíð er það sem er merkt (á merkiplötunni) með .
- Ávextir og grænmeti: Hreinsa vandlega (fjarlægja alla mold) og geyma í sérstakri skúffu (grænmetisskúffunni).
- Ekki er æskilegt að geyma framandi ávexti eins og banana, mangó, papæjaldin, o.s.frv. í kælisrápnum.
- Grænmeti, svo sem tómata, kartöflur, lauk og hvítlauk, skal ekki geyma í kælisrápnum.
- Smjör og ostur: Setja í loftþéttar umbúðir eða pakka inn í álpappír eða pólýþen-poka til að útiloka eins mikið loft og hægt er.
- Flöskur: Loka með loki og setja í flöskuhilluna í hurðinni, eða (ef til staðar) í flöskurekkann.
- Skoðaðu alltaf „best fyrir“ dagsetningu varanna til að vita hversu lengi á að geyma þær.

## 8. BILANALETIT

### AÐVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

## 8.1 Hvað skal gera ef...

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
Heimilistækið virkar ekki.	Slökkt er á heimilistækinu.	Kveiktu á heimilistækinu.
	Rafmagnsklói er ekki rétt tengd við rafmagnsinnstunguna.	Tengdu klóna við rafmagnsinnstunguna með réttum hætti.
	Það er ekkert rafmagn á rafmagnsinnstungunni.	Tengdu annað raftæki við rafmagnsinnstunguna. Hafðu samband við faglærðan rafvirkja.
Heimilistækið gefur frá sér mikinn hávaða.	Heimilistækið er ekki með réttan stuðning.	Kannaðu hvort heimilistækið sé stöðugt.
	Klakamolar eða muldir klakar koma úr vélinni.	Þetta er eðlilegt. Hávaðinn frá því að klaki brotnar eða er mulinn er hluti af ferlinu.
Þjappan gengur samfelld.	Hitastig er rangt stillt.	Sjá kaflann „Notkun“.
	Of mikið magn af matvöru er sett í heimilistækið í einu.	Bíddu í nokkrar klukkustundir og athugaðu svo hitastigið aftur.
	Stofuhitinn er of hár.	Sjá kaflann „Uppsetning“.
	Matvara sem látin var í heimilistækið er of heit.	Kældu matvælin áður en þau eru færð til geymslu.
	Hurðirnar eru ekki lokaðar með réttum hætti.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Kveikt er á QuickFreeze aðgerðinni.	Sjá kaflann „QuickFreeze Aðgerð“.
Þjappan fer ekki strax í gang eftir að ýtt er á „QuickFreeze“, eða eftir að hitastigi er breytt.	Þjappan ræsist eftir nokkurn tíma.	Þetta er eðlilegt, engin villa kemur upp.
Hurðin er skökk eða rekt í loftræstiristina.	Tækið er ekki lárétt.	Skoðaðu leiðbeininar um uppsetningu.
Hurð opnast ekki auðveldlega.	Þú reynir að opna hurðina aftur strax eftir að þú lokaðir henni.	Bíddu í nokkrar sekúndur milli þess að þú lokar og opnar hurðina aftur.
Ljósíð virkar ekki.	Ljósíð er í reiðuham.	Lokaðu og opnaðu hurðina.
	Ljósíð er bilað.	Hafðu samband við næstu viðurkenndu þjónustumiðstöð.
Það er of mikið hrím og klaki.	Hurðin er ekki nægilega vel lokað.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Þéttiborðinn er afmyndaður eða óhræinn.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Matvöru er ekki rétt pakkað.	Pakkaðu matvörunni betur.
	Hitastig er rangt stillt.	Sjá kaflann „Notkun“.
	Heimilistækið er fullhlaðið og er stillt á lægsta hitastig.	Stílltu hærra hitastig. Sjá kaflann „Notkun“.
	Hitastigið sem stillt er á heimilistækinu er of lágt og umhverfishitastig er of hátt.	Stílltu hærra hitastig. Sjá kaflann „Notkun“.

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
Vatnið flæðir á afturplötu kælikápsins.	Á meðan á sjálfvirka affrystingarferlinu stendur, bræðir það frostið á afturplötunni.	Þetta er í lagi. Þurrkaðu vatnið með mjúkum klút.
Of mikið vatn þéttist á afturvegg kælikápsins.	Hurðin var opnuð of oft.	Opnaðu hurðina aðeins þegar nauðsynlegt er.
	Hurðinni var ekki lokað til fulls.	Gakktu úr skugga um að hurðinni sé lokað til fulls.
	Geymdum mat var ekki pakkað.	Pakkaðu mat í hentugar pakkningar áður en þú setur hann í heimilistæk-ið.
Vatn flæðir á gólfinu.	Vatnsbræðsluúttakið er ekki tengt við uppgufunarbakkann fyrir ofan þjöppuna.	Tengdu vatnsbræðsluúttakið við uppgufunarbakkann.
Ekki er hægt að stilla hitastigið.	Kveikt er á QuickFreeze aðgerðinni.	Slökktu á QuickFreeze aðgerðinni eða bíddu þar til aðgerðin afvirkjast sjálfvirk til þess að stilla hitastigið. Sjá kaflann „QuickFreeze aðgerð“.
	Kveikt er á QuickChill hamnum.	Slökktu á QuickChill hamnum. Sjá kaflann „Notkun“.
Hitastigið í heimilistækini er of lágt eða of hátt.	Hitastigið er ekki rétt stillt.	Stilltu hitastigið hærra/lægra.
	Hurðin er ekki nægilega vel lokuð.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
	Hitastig matvörunnar er of hátt.	Kældu matvælin áður en þau eru færð til geymslu.
	Of mikið af matvöru er geymt í einu.	Bættu við minna af matvöru í einu.
	Hurðin hefur verið opnuð of oft.	Opnaðu hurðina aðeins ef nauðsyn krefur.
	Kveikt er á QuickFreeze aðgerðinni.	Sjá kaflann „QuickFreeze Aðgerð“ .
	Það er ekkert kalt loftflæði í heimilistækini.	Gakktu úr skugga um að það sé kalt loftflæði í heimilistækini. Sjá kaflann „Ábendingar og góð ráð“.
Hliðarveggir heimilistækisins eru heitir.	Heimilistækið myndar hita við það að búa til kalt loft.	Þetta er eðlilegt. Notaðu hitaþolna hanska ef þú þarft að snerta hliðarnar.
Skammtarinn gefur ekki frá sér vatn eftir að ýtt er á spaðann.	Það er ekkert vatn í kerfinu.	Athugaðu hvort vatnskraninn sé opinn og hvort sían sé sett í með röngum hætti. Sjá leiðbeiningar um uppsetningu.
	Vatnssían er sett í með röngum hætti.	Sjá „Skipt um vatnssíuna“ hlutann í „Umhirða og hreinsun“ kaflanum.
Vatnið sem kemur út er ekki nógu kælt.	Hitastigið í kælinum er of hátt.	Stilltu lægra hitastig. Sjá kaflann „Notkun“.
	Meira en 1l af vatni kemur út í einu.	Bíddu í 30 mínútur eftir því að vatnið kólni.

Vandamál	Möguleg ástæða	Lausn
	Vatn er látið renna of oft.	Bíddu í 30 mínútur eftir því að vatnið kólni.
Skammtarinn gefur ekki frá sér klaka eftir að ýtt er á spaðann.	Enginn klaki er í klakahólfinu.	Virkjaðu klakaframleiðsluna. Sjá „Klakavél“ hlutann í „Notkun“ kaflanum.
	Það er ekkert vatn í kerfinu.	Athugaðu hvort vatnskraninn sé opinn og hvort sían sé sett í með röngum hætti. Sjá leiðbeiningar um uppsetningu.
	Vatnsþrýstingur er of lágur.	Gakktu úr skugga um að þrýstingurinn sé 1,5 - 7 bar.
	Vatnssían er sett í með röngum hætti.	Sjá „Skipt um vatnssiuna“ hlutann í „Umhirða og hreinsun“ kaflanum.
	Klakamolarnir eru fastir saman.	Fjarlægðu samfasta klaka úr klakahólfinu.
	Klakaopið er lokað.	Fjarlægðu lokunina. Sjá „Klakavélin hreinsuð“ hlutann.
	Hurðirnar eru ekki lokaðar með réttum hætti.	Sjá „Hurðinni lokað“ hlutann.
Klakamolarnir sem koma út eru litlir eða vatnsflæðið er slakt.	Vatnsþrýstingur er of lágur.	Gakktu úr skugga um að þrýstingurinn sé 1,5 - 7 bar.
	Vatnssían er stífluð.	Skiptu um vatnssiuna. Sjá „Skipt um vatnssiuna“ hlutann í „Umhirða og hreinsun“ kaflanum.
	Vatnsflæðismælirinn er bilaður.	Hafðu samband við næstu viðurkennda þjónustumiðstöð.



Ef vandamálið er viðvarandi skaltu hringja í næstu viðurkennda þjónustumiðstöð.


## 8.2 Skipt um ljósið

Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að fá nýja peru.

## 8.3 Hurðinni lokað

1. Þrífð þéttiborða hurðarinnar.
2. Stillið af hurðina ef nauðsynlegt er. Sjá kaflann „Uppsetning“.
3. Ef nauðsynlegt reynist, skal skipta um ónýta þéttiborða. Til að fá frekari upplýsingar skaltu hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

## 9. HÁVAÐI



## 10. TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Tæknilegar upplýsingar eru á orkumerkingu og á merkiplötu tækisins, sem getur verið staðsett á tækinu eða inni í því.

### Aðeins fyrir Sviss

Spenna: 220-240 V

Tíðni: 50 Hz

### Aðeins fyrir ESB

QR-kóðinn á orkumerkingunni sem fylgir þessu tæki, gefur upp tengil á vefsíðu varðandi upplýsingar um frammistöðu tækisins í gagnagrunni EU EPREL. Geymdu orkumerkimiðann til uppflettingar ásamt notandahandbókinni og öllum öðrum skjölum sem fylgja með þessu heimilistæki. Það er einnig mögulegt að nálgast sömu upplýsingar

í EPREL með því að nota tengilinn:

<https://eprel.ec.europa.eu> og gerðarheiti og framleiðslunúmer sem finna má á merkiplötu heimilistækisins. Sjá tengilinn:

[www.theenergylabel.eu](http://www.theenergylabel.eu) varðandi ítarlegar upplýsingar um orkumerkingar.

### Aðeins fyrir Bretland

QR-kóðinn á orkumerkingunni sem fylgir þessu tæki, gefur upp tengil á vefsíðu varðandi upplýsingar um frammistöðu tækisins. Geymdu orkumerkimiðann til uppflettingar ásamt notandahandbókinni og öllum öðrum skjölum sem fylgja með þessu heimilistæki.

## 11. UPPLÝSINGAR FYRIR PRÓFUNARSTOFNANIR

Uppsetning og undirbúningur heimilistækisins fyrir EcoDesign-vottun verður að samræmast:

UK	BS EN 62552
ESB, Sviss, Ísrael	EN 62552
Ástralía	IEC 62552
Suður Afríka	SANS 62552


Sameinuðu arabísku furstad-æmin	UAE.S 5010-3:2022
---------------------------------	-------------------


GCC	SASO-2892_2018
-----	----------------

Loftræstingarkröfur, stærðir skotsins og lágmarksbil að aftan verður að vera eins og tilgreint er í „Uppsetning“ í þessari

notandahandbók. Hafðu samband við framleiðanda fyrir allar frekari upplýsingar, þar með talið hleðsluáætlanir.

## 12. UMHVERFISSJÓNARMÍÐ

Settu efni með táknuinu í endurvinnslu .  
Settu umbúðirnar í viðeigandi ílát til endurvinnslu. Verndið umhverfið og heilbrigði manna með því að endurvinna raf- og rafeindabúnaðarúrgang heimilistækja.

Fargaðu ekki heimilistækjum sem merkt eru með táknuinu  með heimilisúrgangi. Skilið vörurni á staðbundna endurvinnslustöð eða hafið samband við staðaryfirvöld.

**electrolux.com**

212003623-B-052026



**CE**